

Kveikjur út frá skynjun, sköpun og útinámi

Fjallagrös og feiti

Taka til hluti sem gætu tengst fjallagrasatíslu og feiti. Til að mynda krydd, smjör og smjörlíki. Segja söguna og tengja kryddin við fjallatísluna og smjörin við feiti. Bjóða seinna upp á heitt og kalt vatn til að geta skoðað eiginleika smjörsins. Leyfa þeim að snerta, lykta, bragða og móta með efniviðinn. Jafnvel hægt að fara út og finna eigin grös til að þurrka og nota í smyrslu eða búa til eigið smjör.

Jón flýr úr skessuhelli

Hægt er að fara í eltingarleik þar sem börnin eru annað hvort skessur eða Jón. Jón þarf þá að fara frá hellinum yfir í kirkjuna og skessurnar þurfa ná Jóni áður en hann hringir bjöllunni sem er í kirkjunni. Ef skessan nær Jóni þá eru hlutverkunum breytt þannig að Jón verður að skessu.

Tilraunir með að hlaupa niður fjallshlið

Bera saman hvernig er að hlaupa á mismunandi undirlagi. Hvernig er að hlaupa upp og niður brekku? Hvað með að hlaupa á sléttum jarðveg? Hvernig er að hlaupa í móa, yfir þúfur eða hátt gras? Hvernig er að hlaupa á steinum, malbiki eða í vatni (jafnvel klaka ef það er hægt)? Hvað er besta undirlagið til að hlaupa á? Hægt er að fara í vettvangsferðir í nærumhverfi leikskólans og skoða ípróttavelli.

Hvenær verðum við móð? Hvernig liður okkur þegar við erum móð? Hvað getum við hlaupið langt áður en við verðum móð? Hvað getum við hlaupið lengi eftir að við verðum móð? Getum við orðið móð án þess að hreyfa okkur? Gera tilraunir um hvenær við verðum móð t.d. með því að tala rosalega hratt.